



Framsókn

Umhverfis- orku og lofslagsmál

Stefna Framsóknar

Samþykkt á 37. Flokksþingi Framsóknar

20-21. apríl 2024

Efnisyfirlit

1.	Umhverfis- orku og loftslagsmál.....	1
2.	Loftlagsváin.....	2
3.	Orka og loftslagið	3
	3.1 Græn, endurnýjanleg orka.....	3
4.	Menntun og nýsköpun	4
5.	Hringrásarhagkerfið.....	4
	5.1 Endurvinnsla úrgangs	5
6.	Náttúruauðlindir og auðlindanotkun	6
	6.1. Lífríki lands og sjávar	6

1. Umhverfis- orku og loftslagsmál

Grunnstef í stefnu Framsóknarflokksins er virðing fyrir náttúrunni og sjálfbærni. Við Íslendingar byggjum tilveru okkar á skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar. Mikilvægt er að arður af nýtingu auðlindanna renni til samfélagsins. Hreint loft, land og haf, ásamt fjölbreytni íslenskrar náttúru eru auðlindir sem þarf að umgangast af virðingu. Stefna Framsóknar í loftslags-, umhverfis- og auðlindamálum tekur mið af áherslum í grundvallarstefnu flokksins og heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.

Framsókn leggur ríka áherslu á að orkuframleiðsla verði aukin til að tryggja orkuskipti og stuðla að aukinni verðmætasköpun. Orkuöryggi er mikilvægt fyrir heimilin í landinu, framleiðslu fyrirtækja sem og hagvöxt. Markmiðið er að Ísland verði sjálfbært í orkuframleiðslu og geti mætt fjölbreytilegum þörfum samfélagsins um allt land. Stefnan um kolefnishlutlaust Ísland eigi síðar en árið 2040 er metnaðarfull og ljóst er að til að ná því þarf að virkja meira. Horfa þarf til fleiri þátta eins og uppbyggingu flutningskerfisins, minni sóun, samstarf við aðila á atvinnumarkaði um minni losun auk þess sem horfa þarf til þátta eins og nýsköpunar.

Flutningskerfið er forsenda orkuskipta og efnahagslegra framfara. Nýting innlendra, hagkvæmra, grænna orkugjafa byggir á því að nauðsynlegir flutningsinnviðir séu til staðar. Flutningskerfið þarf að vera öflugt og hringtenging um landið er forsenda þess að við nýtum þá orku sem verður til í landinu. Öflugt og sterkt flutningskerfi er nauðsynlegt til að tryggja orkuöryggi. Dreifikostnaður raforku er jafnaður að mestum hluta af ríkinu, en tryggja þarf fulla jöfnun og að tryggt sé að allir, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli, sitji við sama borð. Framsókn leggur áherslu á að tryggja jafnræði landsmanna með jöfnun dreifikostnaðar og að farið verði í heildarendurskoðun á dreifikerfi raforku með það að markmiði að jafna dreifikostnað um land allt.

Raforkuskortur og skerðingar eru óviðunandi. Framsókn leggur áherslu á að áfram verði haldið með endurskoðun rammaáætlunar, samhliða virkjun þeirra kosta sem eru í nýtingarflokki nú þegar. Þar til nægileg orka hefur verið tryggð með aukinni orkuöflun verður að taka skýra afstöðu til forgangsröðunar í þágu heimila, smærri fyrirtækja og

fjarvarmaveitna. Samningar um skerðanlega orku (ótrygga orku) eru mikilvægir til að fullnýta kerfið okkar. Fyrirtækin gera slíka samninga á lægra verði meðvitaðir um að til skerðingar getur komið. Hins vegar vegna lágrar stöðu í lónum og aukinnar eftirspurnar eru skerðingarnar orðnar fleiri og vara yfir lengri tíma. Brýnt er að endurskoða kerfið í heild sinni og gera gagnsærra.

Framsókn leggur áherslu á nýsköpun og þróun í vinnu að umbótum í umhverfis- og loftslagsmálum. Eftirspurn eftir orku frá endurnýjanlegum grænum orkugjöfum fer hratt vaxandi um allan heim. Framsókn vill framleiða rafeldsneyti til orkuskipta innanlands og samhliða verði skoðuð tækifæri sem gætu falist í útflutningi á þekkingu og orku í formi rafeldsneytis.

Framsókn vill stuðla að markvissari innleiðingu hringrásarhagkerfisins í íslenskt samfélag. Mikilvægt er að leita lausna sem henta íslenskum aðstæðum og til þess þarf öfluga forystu og góða samvinnu ríkis, atvinnulífs og sveitarfélaga.

Vegna stærðar sinnar og þjóðhagslegs mikilvægis gegnir Landsvirkjun lykilhlutverki í orkuskiptum. Framsókn leggur áherslu á að sala þjóðhagslega mikilvægra raforkufyrirtækja s.s. Landsvirkjunar, Landsnets og Rarik kemur ekki til greina. Mikilvægt er að ríkið setji sér eigendastefnu til þess að ná markmiðum um hröð orkuskipti. Framsókn leggst alfarið gegn beinum útflutningi raforku.

2. Loftlagsváin

Loftlagsváin er ein helsta ógn mannkyns og viðbrögð við henni því eitt stærsta verkefni stjórnmalanna hér heima fyrir og ekki síður í alþjóðasamvinnu. Framsókn gerir kröfu um að loftslagsmarkmiðum Parísarsamkomulagsins verði framfylgt, þ.e. að hlýnun jarðar verði ekki meiri en 1,5°C. Ísland getur verið fyrirmynd annarra ríkja með stefnu um kolefnishlutleysi og virkri þátttöku á alþjóðavettvangi. Takmark um kolefnishlutleysi er vel gerlegt með víðtækri aðgerðaráætlun stjórnvalda, þáttökuvilja almennings, stefnufestu og samvinnu allra aðila. Leggja þarf áherslu á orkuskipti í samgöngum, stórauðna kolefnisbindingu með skógrækt, landgræðslu og bindingu í bergi, markvissari aðgerðir til að auka endurnýtingu efna og úrgangs sem og hvata sem draga úr hvers kyns sóun. Ísland á að vera leiðandi í grænum lausnum og nýsköpun sem eru og verða lykilþættir til þess að takast á við loftlagsvána.

3. Orka og loftslagið

Ísland er ríkt af endurnýjanlegum orkugjöfum sem mikilvægt er að nýta á skynsamlegan hátt. Íslenskt samfélag á að hagnast af nýtingu innlendra orkugjafa, meðal annars með aukinni uppbyggingu, fjölgun starfa og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að fylgja vel eftir áherslum aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum og stuðla að orkuskiptum í samgöngum á landi, í lofti og legi samhliða uppbyggingu nauðsynlegra innviða sem því fylgja.

Framsókn telur mikilvægt að unnið verði eftir markvissri stefnu um orkuskipti í samgöngum og stutt verði við fjölbreytta framleiðslu innlendra og grænna orkugjafa fyrir samgöngur: rafmagn, rafeldsneytis og metan. Stutt verði vel við rannsóknir og nýsköpun á umhverfisvænum orkugjöfum.

Mikilvægt er að framkvæma kostnaðar- og ábatagreiningu til að kortleggja hvers konar hvatar eða kvaðir eru vænlegastir til árangurs hvað varðar samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Styðja þarf enn frekar við nýsköpun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda í iðnaði og annarri orkufrekri starfsemi sem og innan græna hagkerfisins. Eins er mikilvægt að styðja allar hliðar atvinnulífsins til að leita umhverfisvænni lausna í sinni starfsemi, hönnun og vöruþróun. Þá eru tækifæri í föngun koltvísýrings, en þar fara saman nýsköpun og umhverfisáherslur.

3.1 Græn, endurnýjanleg orka

Mikill ávinningur næst með því að einfalda regluverk og leyfisveitingaferli virkjannaframkvæmda. Ísland býr yfir miklum mannauð og þekkingu sem hægt er að nýta á alþjóðavettvangi hvort sem er á sviði vatnsafls, jarðvarma eða föngun kolefnis sem aðstoðar þjóðir í baráttunni við lofslagsvána.

Framsókn telur það umhverfismál að markvisst sé unnið að fullnaðarnýtingu núverandi orkukosta, draga þar með úr þörf á nýjum virkjunum og efla orkuöryggi á landinu. Því sé mikilvægt að endurskoða reglur um hámarks orkuframleiðslu smávirkjana. Í þeim

lögum þarf að vera svigrúm sem styður rekstraraðila smávirkjana til þess að fjárfesta í fullnaðarnýtingu smávirkjana m.a. með hliðsjón af auknum tækniframförum í raforkuframleiðslu.

Beislun vindsins mun gegna mikilvægu hlutverki í orkuskiptunum. Aðstæður eru hér góðar vegna hagstæðra vindskilyrða á landi og sjó. Ekki síst telst vindorkan ákjósanleg saman með vatnaflí. Nú þegar vindorka verður sífellt hagkvæmari á Ísland að geta haldið forystuhlutverki sínu í nýtingu endurnýjanlegrar orku. Mikilvægt er að um vindorku sé gott lagaumhverfi sem liði fyrir hagnýtingu vinds í þágu samfélagsins en horfir um leið til umhverfisins. Líta ber á vindinn sem viðbót í sameiginlegum orkuauðlindum landsmanna og auðlindarenta renni til ríkisins og sveitafélaga.

4. Menntun og nýsköpun

Tryggja þarf fræðslu um loftslags- og umhverfisvá meðal annars í gegnum menntakerfið. Skólastarfið þarf einnig að styðja við og efla nýsköpun á þessu sviði þvert á skólastig.

Nýsköpun og nýjar lausnir eru lykilatriði til þess að sigrast á þeirri áhættu sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér. Efla þarf fræðslu og hvetja frumkvöðla til að huga að lausnum sem snúa að lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa, aukinni hringrás og eflingu sjálfbærrar þróunar.

5. Hringrásarhagkerfið

Eitt brýnasta viðfangsefni samtímans er að sporna við sóun og auka endurnýtingu og endurvinnslu takmarkaðra auðlinda jarðarinnar. Framsókn leggur áherslu á mikilvægi hringrásarhugsunar með bættri fjölnýtingu auðlinda og innviða. Nýta þarf tækifæri sem snúa að aukinni samkeppnishæfni og hagræðingu með jákvæðum aðgerðum fyrir samfélagið og umhverfið. Með hringrásarhugsun er lögð áhersla á fullnýtingu auðlindastrauma sem falla til innan svæðisins. Ísland á að vera leiðandi í ábyrgri meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs. Styðja þarf við uppbyggingu hringrásarhagkerfis þar sem úrgangur og aðföng eru endurunnin og endurnýtt á þann

hátt að þau skapi verðmæti fyrir samfélagið. Mikilvægt er að útfærsla nýrra laga um samræmda flokkun úrgangs í hringrásarhagkerfinu gangi hratt fyrir sig með góðri samvinnu sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Veruleg verðmæti geta falist í nýjum afurðum sem verða til í Hringrásarhagkerfinu.

Halda þarf á lofti mikilvægi þess að minnka matar- og fatasóun og gera grein fyrir áhrifum hennar í loftslagsmálum almennt. Framsókn leggur til að sveitafélög styði fyrirtæki og stofanir í sínu nærumhverfi til þess að sporna við matarsóun. Tryggja þarf hagræna hvata til fyrirtækja sem gefa matvæli, nauðsynjavörur og draga þannig markvisst úr matarsóun. Styrkja þarf farvegi til móttöku á notuðum fötum og textíl. Framsókn hvetur öll sveitafélög til að setja sér stefnu til að draga úr matvælasóun s.s. með frískápum.

Innlend matvælaframleiðsla hefur aldrei verið brýnni en nú þar sem hún eykur fæðuöryggi og dregur úr kolefnisspori landsins í heild. Mikilvægi þess að við séum sjálfum okkur nóg kemur sífellt betur í ljós. Mikill ávinningur fæst af nýtingu útblásturs CO₂ og glatvarma til ræktunar á grænmeti og ávöxtum.

Styðja þarf við nýsköpun í matvælaframleiðslu og tilraunir við ný matvæli svo sem úr þörungum og dýrasvifi.

Framsókn leggur áherslu á að framleiðendur og seljendur vöru séu hvattir til að huga að umbúðanotkun og sóun. Skoða þarf af festu hvort þörf sé á reglugerð eða almennum viðmiðum.

5.1 Endurvinnsla úrgangs

Framsókn telur grundvallaratriði að fjárfest verið í háhitasorporkustöð fyrir blandaðan úrgang. Núverandi staða með flutningi á blönduðu sorpi til brennslu erlendis felur í sér umtalsvert kolefnisspor og því ljóst að um er að ræða mikilvægt umhverfismál. Með sorporkustöð er hægt að nýta varmaorku og draga úr olíu- eða virkjunarþörf. Hafa þarf í huga þær reglugerðabreytingar sem hafa nýverið verið gerðar með banni á urðun lífrænna vefja.

Framsókn telur að auka þurfi eftirlit með úrvinnslusjóði með það að markmiði að tryggja að endurvinnanlegur úrangur fari sannarlega aftur í hringrásarhagkerfið. Tilgreina þarf hver ábyrgð framleiðenda og innflytjenda er og taka tillit til þeirra endurvinnslumöguleika sem hér bjóðast. Fylgja þarf eftir þessum markmiðum og mæla árangur með skilmerkilegum hætti.

Framsókn vill að leitað verði umhverfisvænni kosta við losun sorps sem ekki er hæft til endurvinnslu. Það sé skynsamlegt að skoða hvoru tveggja lág- og háhitasorpbrennslur.

6. Náttúruauðlindir og auðlindanotkun

Framsóknarflokkurinn hefur löngum ítrekað mikilvægi þess að tryggja landsmönnum sanngjarnan arð vegna nýtingar náttúruauðlinda landsins. Þá er mikilvægt að náttúruauðlindir landsins séu skilgreindar og að haldið sé náttúruauðlindabókhald í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna til að halda utan um auðlindir landsins og tryggja að ekki sé gengið á þolmörk þeirra.

Framsókn vill auðlindaákvæði í stjórnarskrá Lýðveldis Íslands. Slíkt auðlindarákvæði þarf að tryggja sveitafélögum og landsmönnum sanngjarnar tekjur ogarð af sameiginlegum auðlindum. Lögfesta þarf það sem flokkast til auðlinda hér á landi eins og kostur er og hvaða auðlindir Íslands skulu vera í þjóðareign.

6.1. Lífríki lands og sjávar

Íslensk náttúra er auðlind, hún er sérstök og hefur gildi á heimsvísu. Því þarf að viðhalda líffræðilegri og jarðfræðilegri fjölbreytni sem og fjölbreytni íslensks landslags. Vernda skal til frambúðar það sem getur talist sérstætt, sögulegt eða mikilvægt á annan hátt.

Hreinleiki hafs er verðmæti sem mikilvægt er að virða og vernda um ókomna tíð. Efla þarf rannsóknir og þekkingaleit á súrnun sjávar sem er ógn við lífríki hafsins.

Jarðvegurinn sjálfur er einnig verðmæt auðlind til fæðuframleiðslu og kolefnisbindingar. Eðlilegt er að samfélagið setji reglur um eignarhald bújarða. Leggja

skal áherslu á verndun landslagsheilda, vist- og landgerða sem og líffræðilegs fjölbreytileika. Vinna skal skipulagsáætlanir fyrir allt land í almannaeigu, þar með talið hálendið og þjóðlendur. Þá skal flokkun lands vera skilgreind í landskipulagsstefnu.

Vinna ætti landnýtingarstefnu fyrir allt landið og strandsvæði sem taki mið af þolmörkum. Landnýtingaráætlun gæti stutt við skipulag sveitarfélaga svo dæmi sé tekið.

Mikilvægt er að tryggja net friðlanda í óbyggðum. Unnið skal áfram að uppbyggingu friðaðra svæða í náninni samvinnu við sveitarfélögin og með landnýtingaráætlanir að leiðarljósi. Auka ætti landvörslu í samráði við heimamenn og skýra ábyrgð hennar á viðkvæmum svæðum.